

Skólaráðsfundur 15. apríl 2013

Mættir: Drífa, Blær, Halldór, María Helen, Guðrún Soffía, María Á., Jóhanna, Ísak, Oddný, María fundarritari.

Skóladagatal

Farið var yfir drög að skóladagatali fyrir næsta skólaár sem liggur fyrir. Skólahverfin sameinast um skipulagsdaga og hafa skólar og leikskólar hér í hverfinu sameinast um þrjá daga. Hörðuvallaskóli og Vatnsendaskóli eru með fjóra daga sameiginlega. Umræður voru um skóladagatalið. Skólasetning verður 22. Ágúst og verður sama fyrirkomulag og í vetur, þ.e. foreldrar og nemendur koma í viðtal til kennara. Mikil ánægja með þetta fyrirkomulag. Skóladagatal verður lagt fyrir kennara og síðan skólanefnd.

Aðalnámskrá

Guðrún Soffía fór yfir hvað við höfum verið að gera hér í skólanum varðandi innleiðingu á aðalnámskrá. Aðallega hefur verið unnið með lykilhæfnina. Haldið verður áfram með þessa vinnu og verða skipulagsdagar í vor og næsta haust notaðir til þess. Kom fram að við höfum unnið vel í námsmatinu og er námsmatsteymi við skólann sem er að vinna að áframhaldandi þróun í þessum málum.

Önnur mál

Guðrún Soffía fór yfir hugmyndafræði speglaðrar kennslu. Þar tekur kennari upp innlögn vegna kennslunnar og sendir það út á netið. Heimavinna nemenda er að fara yfir þessa innlögn. Í skólanum vinna nemendur verkefni og hafa þá aðgang að kennara til að fá aðstoð.

Spurt var um lóðamál. Engar upplýsingar hafa borist um hvað á að gera í lóð skólans í sumar. Tvær lausar kennslustofur verða settar á lóðina næsta vetur. Endurbætur á húsinu eru byrjaðar, lausar flísar hafa verið lagaðar.

Spurt um matsalinn og kom fram að hávaðinn þar hefur minnkað. Nemendur í skólaráði voru sammála þessu.

Spurt um stöðu mála fyrir næsta ár. Ekki mikil hreyfing á kennurum en nokkuð margir kennarar eru að fara eða eru í foreldraorlofi.

Fundi slitið kl. 9:10